



## Ungdómurinn

Í stærstu og elstu kirkjudeildum kristinnar trúar eru börn oftast skírð á fyrsta aldursári sínu og nefnist það barnaskírning. Það er samt leyfilegt að taka skírning hvenær sem er á lífsleiðinni. Við skírning fær viðkomandi að gjöf heilagan anda Guðs. Barnaskírning er ekki staðfesting á trúnni heldur gjöf sem á að tákna nýjan sáttmála sem Guð gerði við mennina með tilkomu Jesú Krists. Við skírning öðlast barnið nýtt líf með Guði og fær fyrirgefningu synna sinna samkvæmt hinum nýja sáttmála. Nafngift er ekki hluti af skírningi en oft biðja foreldrar með að segja frá nafni barnsins þangað til í skírningarathöfninni.



Hér á landi framkvæmir prestur skírningina og oftast fer hún fram í kirkju en ekki nauðsynlega. Margir bjóða nánustu vinum og ættingjum til athafnarinnar og sumir halda skírningaveislu á eftir til að gleðjast saman. Barninu eru oft færðar gjafir að þessu tilefni.

Í sumum kirkjudeildum er fullorðinsskírning en ekki barnaskírning. Í fullorðinsskírning er lögð áhersla á að manneskjan taki sjálfstæða ákvörðun um að staðfesta trú sína á Guð. Kirkjudeildir sem viðhafa fullorðinsskírning eru með barnablessun í staðinn fyrir skírning.

### Spurningar

1. Hvað er ferming og hvers vegna er hún framkvæmd?
2. Hverjir sjá um að framkvæma ferminguna?
3. Hvað er gert í fermingarfræðslunni?
4. Hefur þú tekið þátt í barna- eða unglíngastarfi hjá einhverju trúfélagi? Hvað er gert þar?